

Föstudagur, 3. desember 2004

230. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 24/2004

**Kvörtun Hreinsitækni ehf. yfir notkun Íslenska gámafelagsins ehf.
á firmaheitinu Hreinsitækni í símaskrá**

I.
Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 15. september 2003, frá Ragnheiði M. Ólafsdóttur hdl., f.h. Hreinsitækni hf. Í erindinu er kvartað yfir notkun Íslenska gámafelagsins ehf. á firmanafninu Hreinsitækni í Símaskránni árin 2002 og 2003 og brjóti notkunin gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Hreinsitækni hafi verið stofnað árið 1993 og hafi frá þeim tíma veitt þjónustu við hreinsun gatna, bifreiðastæða, gangstéttu o.s.frv. Fyrirtækið eigi fjölda sérútbúinna tækja til að annast slíka þjónustu. Starfsemi Íslenska gámafelagsins felist einkum í gámaþjónustu en í einhverjum mæli í sömu þjónustu og Hreinsitækni veitir. Í almennum hluta Símaskrám áranna 2002 og 2003 er nafn, heimilisfang og símanúmer Hreinsitækni. Í næstu línu í símaskránum sé svohljóðandi texti skráður með hástöfum: „Hreinsitækni Íslenska gámafelagsins...“

Að mati kvartanda er þessi tilgreining villandi og til þess fallin að valda ruglingi hjá neytendum um það hver veiti þessa þjónustu og hafi Hreinsitækni orðið fyrir slíkri reynslu. Í almennum hluta Símaskrárinnar séu nöfn rétthafa símanúmera í stafrófsröð. Með því að tilgreina símanúmer Íslenska gámafelagsins við heitið Hreinsitækni sé ljóst að fyrirtækið vilji nýta sér viðskiptavild og markaðsfestu sem Hreinsitækni hafi skapað sér á síðastliðnum tíu árum. Íslenska gámafelagið hafi aldrei notað heitið Hreinsitækni sem auðkenni á starfsemi sinni enda væri það óheimilt vegna réttar Hreinsitækni til firmaheitisins, sbr. 10. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Eðlilegra hefði verið fyrir Íslenska gámafelagið að nota orðið hreinsipjónusta sem lýsi mun frekar þjónustu fyrirtækisins. Jafnframt hefði fyrirtækið getað skráð nafn sitt á gulu síðum Símaskrárinnar sem vísi til þjónustunnar.

Loks er þess óskað að samkeppnisfyrvöld banni Íslenska gámafelaginu að nota heitið Hreinsitækni í tilgreiningu í Símaskrá eða á öðrum stöðum.

II. **Málsmeðferð**

1.

Erindi Hreinsitækni var sent Íslenska gámafelaginu til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 18. september 2003. Í bréfinu var þess getið að það væri mat stofnunarinnar að ákvæði 25. gr. samkeppnisлага kæmi jafnframt til álita í málínu. Íslenska gámafelagið sendi Samkeppnisstofnun athugasemdir með bréfi dags. 22. september 2003. Þar segir að fyrirtækið hafi um 80 aukaskráningar í Símaskránni einkum í þeim tilgangi að auka viðskipti fyrirtækisins. Allar séu skráningarnar sérstaklega auðkenndar fyrirtækinu til þess að forðast misskilning. Sem dæmi um notkun félagsins á aukaskráningu er bent á að í Símaskránni standi „Gámaþjónusta Íslenska gámafelagsins“. Tilgangurinn sé ráð að þegar flett sé upp á orðinu gámaþjónusta komi jafnframt upp nafn fyrirtækisins og á þann hátt geti neytandi gert samanburð á milli fyrirtækja. Íslenska gámafelagið áliti að því sé heimilt að vekja athygli neytenda á fyrirtækinu með viðskeyttum orðum í Símaskrá þar sem neytandi leitar að tiltekinni þjónustu. Orðin hreinsa og tækni séu almenn í íslensku. Orðið hreinsa sé m.a. notað yfir að losa sig við eitthvað, svo sem rusl. Orðið tækni sé m.a. notað til að útskýra skipulega starfsaðferð. Íslenska gámafelagið sé ekki að villa á sér heimildir með notkun samsetta orðsins hreinsitækni fyrir framan nafn fyrirtækisins heldur sé verið að nota íslenskt orð sem eigi við starfsemi fyrirtækisins.

Þá segir að öll þau verkefni sem Íslenska gámafelagið hafi fengið sem sambærileg eru við þjónustu Hreinsitækni séu vegna verkefna og kynninga sem auðkennd séu fyrirtækinu. Íslenska gámafelagið hafi ekki lagt mikla áherslu götusópun sem sé meginstarfsemi Hreinsitækni.

Loks segir að tilgangur samkeppnisлага hljóti að vera ráð að neytandi geti valið þjónustuaðila og að íslensk orð sem lýsi ákveðinni þjónustu hvort sem þau standi ein sér eða séu samsett geti ekki verið eign ákveðinna fyrirtækja. Með notkun orðanna hreinsi og tækni, hvort sem orðin eru samsett eða ekki, telji fyrirtækið sig vera að gefa lýsingu á starfsemi sinni.

2.

Bréf Íslenska gámafelagsins var sent lögmanni Hreinsitækni til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 2. október 2003. Athugasemdir lögmannsins eru dags. 16. október 2003. Þar er vísað til fyrra bréfs um efnislegan rökstuðning. Þá segir að ítrekuð séu þau sjónarmið að orðið hreinsitækni geti ekki talist almennt lýsandi fyrir starfsemi fyrirtækis eins og t.d. orðið „bókhaldsþjónustan“. Þá hafi Hreinsitækni heiti sitt skráð í hlutafelagaskrá og njóti verndar skv. þeirri skráningu. Bent er á að fyrirtækið hafi orðið vart við rugling hjá viðskiptavinum í símtölu og þannig orðið þess áskynja að skráning Íslenska gámafelagsins valdi ruglingi.

3.

Bréf lögmanns Hreinsitækni var sent Íslenska gámafélaginu til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 20. október 2003. Umsögn fyrirtækisins er dags. 25. nóvember 2003. Þar er bent á að nokkrar ákvarðanir samkeppnisráðs hafi snúið að deilum um íslensk nöfn, svo sem orðin ísbíllinn og eignamiðlun sem séu nöfn sambærileg við orðið hreinsitækni. Þá segir að skv. upplýsingum frá Orðabók Háskólans séu til tvö dæmi um notkun orðsins hreinsitækni. Íslenska gámafélagið hafi notað orðið hreinsitækni yfir þá tækni sem viðhöfð sé við sorphirðu fyrirtækisins. Fyrirtækin starfi á mismunandi sviðum. Íslenska gámafélagið hafi megin tekjur sínar af sorphirðu og tengdum rekstri en skv. heimasíðu Hreinsitækni sé þeirra verksvið einkum á sviði götusópunar og uppdælingar. Þar sem störf Íslenska gámafélagsins skarast á við störf Hreinsitækni sé langt innan við 1% af starfsemi fyrirtækisins. Sem dæmi annist Íslenska gámafélagið eingöngu götusópun hjá þeim fyrirtækjum sem séu í viðskiptum með sorphirðu hjá fyrirtækinu.

4.

Með bréfi, dags. 8. desember 2003, tilkynnti Samkeppnisstofnun fyrirtækjunum að gagnaöflun væri lokið í málinu. Jafnframt var tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

Með bréfum Samkeppnisstofnunar, dags. 12. febrúar 2004 og 15. júlí 2004, var fyrirtækjunum tilkynnt um töf á afgreiðslu málsins sökum mikilla anna hjá stofnuninni.

III. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 3. desember 2004, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í erindi Hreinsitækni ehf. er kvartað yfir skráningu Íslenska gámafélagsins ehf. á firmaheitinu Hreinsitækni, fyrir framan nafn fyrirtækisins, í almennum hluta Símaskrárinnar árin 2002 og 2003. Er sá háttur einnig hafður á í Símaskránni árið 2004. Starfsemi Íslenska gámafélagsins felist að mestu í gámaþjónustu vegna sorphirðu. Að litlu leyti starfi fyrirtækið við sömu þjónustu og Hreinsitækni annast sem er þrif á götum, bílageymsluhúsum o.fl. Orðið hreinsitækni sé ekki lýsandi fyrir starfsemi Íslenska gámafélagsins. Skráningin valdi því að neytendur rugli fyrirtækjunum saman.

Íslenska gámafelagið segir að fyrirtækið hafi fjölda aukaskráninga í Símaskránni í þeim tilgangi að auka viðskipti fyrirtækisins. Íslenska gámafelagið telur sér heimilt að vekja athygli neytenda á fyrirtækinu með viðskiptum orðum fyrir framan nafn fyrirtækisins í Símaskránni þar sem neytandi sé að leita að tiltekinni þjónustu. Gefi það neytendum tækifæri til að gera samanburð. Skráningarnar séu allar auðkenndar Íslenska gámafelaginu til þess að forðast misskilning. Fyrirtækið noti orðið hreinsitækni yfir þá tækni sem tengist sorphirðu fyrirtækisins. Starfsemi fyrirtækjanna skarist mjög lítið og sé götusópun á vegum Íslensku gámaþjónustunnar eingöngu hjá fyrirtækjum og stofnum sem séu í viðskiptum með sorphirðu við fyrirtækið. Orðin hreinsa og tækni séu almenn orð í íslensku. Íslenska gámafelagið sé ekki að villa á sér heimildir með notkun orðsins heldur sé verið að nota orð sem eigi við um starfsemi fyrirtækisins.

2.

Til stuðnings máli sínu vísar Hreinsitækni til 20. gr. samkeppnislagu. Þá hefur komið fram það mat að 25. gr. laganna komi jafnframt til árita. Í 20. gr. segir að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir séu tilokaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. 25. gr. laganna hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnisлага nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málslíður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlög veiti auðkennunum. Firmanafn er sérstaklega tilgreint í lagagreininni.

Skv. upplýsingum sem samkeppnisráð hefur aflað sér hefur Hreinsitækni verið starfrækt frá árinu 1976. Fyrst sem sameignarfélag og síðan sem einkahlutafélag frá árinu 1993. Hreinsitækni hefur því rétt til firmanafnsins. Íslenska gámafelagið hefur ekki lögformlega skráð orðið hreinsitækni í tengslum við starfsemi fyrirtækisins. Að mati samkeppnisráðs er réttur Hreinsitækni til notkunar firmanafnsins verndaður af

fyrri málslið 25. gr. samkeppnislaga og ber þá að líta til þess hvort notkun Íslenska gámafélagsins á orðinu hreinsitækni gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda.

Á heimasíðum fyrirtækjanna má sjá að aðalstarfsemi Hreinsitækni er þrif á götum, bílageymsluhúsum, útisvæðum fyrirtækja og slíkum svæðum. Aðalstarfsemi Íslenska gámafélagsins er á sviði sorphirðu og býður fyrirtækið jafnframt upp á aðra þjónustu þar á meðal götusópun sem þó er innan við 1% af starfseminni. Þar skarast starfsemi fyrirtækjanna.

Í orðabók Háskólans eru aðeins gefin tvö dæmi um notkun orðsins hreinsitækni. Annars vegar frá árinu 1961 og hins vegar frá árinu 1980. Þá má geta þess að orðið er ekki að finna í Íslenskri orðabók, þriðju útgáfu, frá árinu 2002. Ljóst er að orðið er samsett úr tveim almennum íslenskum orðum, hreinsa og tækni. Að mati samkeppnisráðs hefur ekki verið sýnt fram á að orðin samsett sem orðið hreinsitækni sé almennt orð í íslensku. Þá þykir samkeppnisráði orðið hreinsitækni ekki sérlega lýsandi fyrir þá starfsemi sem bæði fyrirtækin stunda, í mis miklu mæli, þ.e. þrif á götum. Því síður getur samkeppnisráð fallist á að orðið hreinsitækni sé lýsandi fyrir sorphirðu. Þá virðist orðið hreinsitækni ekki notað á heimasíðu Íslenska gámafélagsins.

Á sviði götusópar eru fyrirtækin keppinautar. Af gögnum málsins má ráða að tilgangur Íslenska gámafélagsins með því að skeytu framan við firmaheiti sitt orðinu hreinsitækni sé að vekja athygli á því að fyrirtækið bjóði upp á sömu þjónustu og Hreinsitækni. Samkeppnisráð fær ekki betur séð en að með skráningunni hafi Íslenska gámafelagið ætlað að nýta sér viðskiptavild Hreinsitækni og hafa þannig áhrif á eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins. Þá er sú hætta fyrir hendi að villst sé á fyrirtækjunum eða að ætlað sé að um samstarf eða sömu eigendur sé að ræða þar sem sama nafn komi fyrir í heitum þeirra beggja í símaskrá. Að mati samkeppnisráðs brýtur framangreind háttsemi í bága við góða viðskiptahætti sbr. 20. gr. samkeppnislaga og gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda sbr. 1. ml. 25. gr. samkeppnislaga.

IV.
Ákvörðunarorð:

„Íslenska gámafelagið ehf., Gufunesvegi, Reykjavík, hefur með notkun á orðinu hreinsitækni í tengslum við firmanafn sitt brotið gegn ákvæðum 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með vísan til 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga bannar samkeppnisráð Íslenska gámafelaginu ehf. að nota orðið hreinsitækni í tengslum við firmanafn sitt.

Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar.“